

VAXTARSAMNINGUR FYRIR  
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



**Vinnustaðir og íbúar:  
hverjir vinna hvar?**

Sigurður Snævarr

Vilborg H. Júlíusdóttir

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013

Maí 2014

Þessi skýrsla er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármögnuð m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vinna eftir sóknaráætluninni og úr henni og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfunda.



# Efnisyfirlit

Vinnustaðir og íbúar: .....	1
hverjir vinna hvar? .....	1
1    Inngangur og helstu niðurstöður .....	4
2    Gögn og aðferðafræði.....	7
3    Höfuðborgarsvæðið .....	8
3.1    Hvar vinna höfuðborgarbúar? .....	8
3.2    Einstök sveitarfélög .....	9
3.3    Nærsvitarfélögin.....	12



# 1 Inngangur og helstu niðurstöður



Kortlagning á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga og innan þeirra er mikilvæg í skipulagsmálum og áætlunum um uppbyggingu umferðamannvirkja.

Kortlagning af þessu tagi er tiltæk og gerð reglulega í þeim borgarsvæðum sem við berum okkur saman við og hagstofur viðkomandi landa birta á sínum heimasíðum.

Skortur hefur verið á tölum um flæði vinnuafsls hér á landi. Aflvaki hf. stóð fyrir þremur athugunum á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hinni fyrstu árið 1994<sup>1</sup> og þeirri síðustu árið 2002.<sup>2</sup>

Grunngögn athugananna voru skattagögn sem embætti ríkisskattstjóra vann fyrir Aflvaka. Í skilagönum launagreiðenda kom fram lögheimili launamanns og launagreiðenda sem mynduðu grundvöll athugunarinnar.

Ákveðið var að skoða á ný skattagögn með svipuðum hætti og í athugunum Aflvaka. Sú athugun sem hér er kynnt tekur til sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og þrettán sveitarfélaga í nágrenni við höfuðborgarsvæðið. Alls er því um að ræða tuttugu sveitarfélög sem spenna svæðið frá Hvítá í Borgarfirði til Hvítár í Árnessýslu og er svæðið í heild sinni nefnt Hvítá-Hvítá svæðið. Ríkisskattstjóri vann upplýsingar úr launamiðum þar sem fram koma lögheimili launagreiðenda og launamanns og tekur athugunin til áranna 2005 til 2012. Helstu niðurstöður um þróun yfir þetta árabil eru þessar:

- Fram til hrunsins árið 2008 var þróunin sú að vægi Reykjavíkur í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins fór vaxandi og er það í samræmi við niðurstöður Aflvaka. Eftir hrún minnkar vægi Reykjavíkur og í vaxandi mæli starfa íbúar í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins í heimabyggð. Með sama hætti fjölgar Reykvíkingum sem starfa í borginni.
- Þróunin er mjög viðlíka í sveitarfélögum í nágrenni höfuðborgarsvæðinu. Íbúar þeirra voru í vaxandi mæli að sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins

<sup>1</sup> Ekki tókst að finna fyrstu skýrslu Aflvaka. Aflvaki (1999). Hvar vinna hverjir? Samantekt á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Aflvaki hf.

<sup>2</sup> Aflvaki (2002). Hvar vinna hverjir? Samantekt á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Aflvaki hf.

í aðdraganda hruns, en eftir það vinna þeir í auknum mæli í eigin sveitarfélagi. Þessarar þróunar gætir í öllum þessum sveitarfélögum.

Helstu niðurstöður fyrir árið 2012 eru:

- Rúmlega 201 þúsund launamiðar voru gefnir út af launagreiðendum í landinu til launamanna með lögheimili á Hvítá-Hvítá svæðinu.
- Um 165 þúsund launamiðar voru gefnir út af launagreiðendum í landinu til launamanna með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.
- Í heild voru gefnir út um 95 þúsund launamiðar til Reykvíkinga á árinu 2012. Um 66% þeirra komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík og 14,7% frá ríkisstofnunum. Þannig koma um 81% af þeim launamiðum sem Reykvíkingar fengu frá launagreiðendum með lögheimili í borginni. Um 6,6% launamiðanna komu frá fyrirtækjum í Kópavogi sem gefur til kynna að um 7% Reykvíkinga hafi sótt vinnu þangað, 3% launamiðanna komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Garðabæ og um 2,6% frá fyrirtækjum í Hafnarfirði. Um 2% launamiða komu frá fyrirtækjum með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins en innan Hvítá-Hvítá svæðisins og um 3% frá fyrirtækjum með lögheimili annars staðar á landinu.
- Um 90 þúsund launamiðar voru gefnir út af launagreiðendum með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu til íbúa með lögheimili í Reykjavík.
- Á landinu öllu voru gefnir út um 25.600 launamiðar til Kópavogsbúa. Um 48% þeirra komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík og rúmlega 12% frá ríkisstofnunum. Um 26% launamiðanna voru útgefnir af fyrirtækjum með lögheimili í Kópavogi, 3,8% launagreiðenda voru með lögheimili í Hafnarfirði, 4,2% í Garðabæ, 1,3% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, 2,4% utan höfuðborgarsvæðisins en innan Hvítá-Hvítá svæðisins og 3% annars staðar á landinu.
- Á landinu öllu voru gefnir út tæplega 22 þúsund launamiðar til launamanna í Hafnarfirði. Um 8.200 komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík eða um 38% en um 11% launamiðanna komu frá ríkisstofnunum. Um 31% launamiðanna komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Kópavogi, um 7% frá fyrirtækjum í Kópavogi og um 6% frá fyrirtækjum í Garðabæ.



- Á landinu öllu voru gefnir út rúmlega 9.300 launamiðar til íbúa með lögheimili í Garðabæ. Um 59% launamiðanna komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík og um 14% frá ríkisstofnunum. Um 22% launamiðanna komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Garðabæ.
- Á landinu öllu voru gefnir út um 7.500 launamiðar til íbúa með lögheimili í Mosfellsbæ. Um 57% af launamiðum til Mosfellinga eru frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík og 10% frá ríkisstofnunum. Um 6% launamiða til íbúa í Mosfellsbæ eru frá fyrirtækjum með lögheimili í Kópavogi. Gera má ráð fyrir að rúmlega 28% Mosfellinga vinni í Mosfellsbæ.
- Á landinu öllu voru gefnir út rúmlega 3. 700 launamiðar til íbúa með lögheimili á Seltjarnarnesi. Um 53% útgefinna launamiða komu frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík og um 16% frá ríkisstofnunum. Um 22% af launamiðum Garðbæinga voru frá fyrirtækjum með lögheimili í Garðabæ, 8% frá fyrirtækjum í Kópavogi og 6% frá fyrirtækjum í Hafnarfirði.





## 2 Gögn og aðferðafræði

Athugunin byggir á launamiðum útgefnum af launagreiðendum á svæði sem spannar suðvesturhorn landsins, frá Hvítá (Borgarbyggð) til Hvítár (Árborgar). Athugunin nær til 20 sveitarfélaga og spannar undanfarin sjö ár, þ.e. frá 2005 til 2012. Íbúar svæðisins eru rúmlega 80% af íbúum landsins.

Höfuðborgarsvæði	Suðurland	Suðurnes	Vesturland
Reykjavík	Árborg	Vogar	Akranes
Kópavogur	Hveragerði	Reykjanesbær	Borgarbyggð
Seltjarnarnes	Ölfus	Grindavík	Hvalfjarðarsveit
Hafnarfjörður	Eyrarbakki	Sandgerði	
Garðabær	Stokkseyri	Garður	
Mosfellsbær			
Kjósarhreppur			

Launagreiðendum í póstnúmeri 150 í Reykjavík var haldið sérstaklega til haga. En laun langflestra ríkisstofnana eru greidd miðlægt af fjármálaráðuneytinu, jafnvel þótt starfstöð launamanns sé annars staðar á landinu.

Fyrirtæki senda launamiða til allra þeirra sem þegið hafa laun hjá þeim á hverju ári.<sup>3</sup> Það þýðir að einstaklingar sem á tilteknu ári hafa starfað hjá fleiru en einu fyrirtæki fá fleiri en einn launamiða. Við talningu á launamiðum er hvorki gerður greinarmunur á vinnuframlagi né launafjárhæð. Í umfjöllun hér á eftir er fjöldi launamiða nýttur til að greina og túlka flæði vinnuafils á undanförnum árum og litið svo á að fái launamaður launamiða frá fyrirtæki með lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi vinni viðkomandi í því sveitarfélagi. Hér er um að ræða nálgun og er í þessari athugun ekki síst reynt að greina þróunina á þeim árum sem athugunin tekur til.


<sup>3</sup>Launamiðar eru gefnir út vegna hvers konar skattskylda greiðslna, en hér er eingöngu horft til launagreiðslna. Fæðingarorlofssjóður er með lögheimili á Hvammstanga og launamiðar sjóðsins voru ekki taldir með í þessari greiningu.

### 3 Höfuðborgarsvæðið




#### 3.1 Hvar vinna höfuðborgarbúar?

Höfuðborgarsvæðið er stærsta atvinnu- og þjónustusvæði landsins. Í heild fékk launafólk á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 172 þúsund launamiða vegna vinnu á árinu 2005 hvaðanæva af landinu. Samsvarandi fengu þeir rúmlega 165 þúsund launamiða árið 2012. Flestir voru launamiðar sem höfuðborgarbúar fengu á árinu 2007, tæplega 183 þúsund. Fækkan starfa í kjölfar hrunsins haustið 2008 er greinileg í þessum tölum, en launamiðum alls til íbúa höfuðborgarsvæðisins fækkaði um rúmlega 12% á tímabilinu 2008-2011. Á árinu 2011 fjölgæði launamiðum til íbúa höfuðborgarsvæðisins lítillega, um 0,12%, og aftur um 2,5% árið 2012. Með greiðari samgöngum er suðvesturhorn landsins eitt atvinnusvæði. Mynd 2 sýnir að tiltölulega fáir höfuðborgarbúar sækja vinnu til nærsveitarfélaganna og hefur þeim fækkað heldur á tímabilinu sem hér er undir, sbr. mynd 2. Í töflu 1 í viðauka er þessi þróun rakin nánar. Hlutfall ríkisins í útgefnum launamiðum til íbúa höfuðborgarsvæðisins er nokkuð stöðugt á árabilinu 2005-2012, hæst var það á árinu 2009, 14,8%.



Mynd 1. Fjöldi launamiða gefnir út til íbúa höfuðborgarsvæðis.

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.




Mynd 2. Skipting helstu atvinnusvæða íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

### 3.2 Einstök sveitarfélög


Reykjavík er meginatvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins eins og kemur fram á mynd 3. Í viðauka 1 og 2 kemur fram að vinnumarkaðurinn í Reykjavík skiptir miklu máli fyrir önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Um 71% Seltirninga sækir vinnu til Reykjavíkur, rúmlega 63% Kópavogsbúa, um og yfir 60% íbúa í Garðabæ, Mosfellsbæ og Hafnarfirði. Á árinu 2005 voru um 76% launagreiðanda á höfuðborgarsvæðinu með lögheimili í Reykjavík. Þetta hlutfall hefur verið nokkuð stöðugt, en þó lækkað lítillega og var um 74% á árinu 2012. Í athugun Aflvaka hf. frá árinu 1999 kom fram að hlutur Reykjavíkur færí stækkandi í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins sem er í ágætu samræmi við þróun launagreiðanda í Reykjavík fram að fjármálahruni. Erfitt er að segja til um hvort hér sé um tímabundna aðlögun eftir hrún að ræða eða þróun til frambúðar. Full ástæða er til að rannsaka þetta áfram. Þorri Reykvíkinga vinnur í Reykjavík og starfar í vaxandi mæli í borginni eins og fram kemur á mynd 4. Á árinu 2005 fóru um 14% af útgefnum launamiðum í Reykjavík til íbúa Kópavogs, um 9% til íbúa Hafnarfjarðar og um 5% til Garðbæinga. Á árinu 2012 lækkar hlutfall Kópavogsbúa í útgefnum launamiðum í Reykjavík í rúmlega 13%, viðlíka margir Hafnfirðingar fá launamiða frá fyrirtækjum með lögheimili í Reykjavík og launamiðum til Garðbæinga fækkar lítillega.



Mynd 3. Hlutfall launagreiðenda í Reykjavík sem greiða íbúum höfuðborgarsvæðisins laun.  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Mynd 4. Hlutfall launagreiðanda í Reykjavík sem greiða Reykvíkingum laun.  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Á árinu 2005 gáfu fyrirtæki (launagreiðendur) á höfuðborgarsvæðinu út rúmlega 92 þúsund launamiða til Reykvíkinga, 84% fyrirtækjanna voru með lögheimili í Reykjavík, 6% fyrirtækjanna voru með lögheimili í Kópavogi og 5% í Garðabæ.




Mynd 5. Hlutfall launagreiðenda á HBS sem eru með lögheimili í Reykjavík og greiða íbúum í Reykjavík laun.  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Mynd 6. Hlutfall launagreiðenda með lögheimili í Kópavogi og Hafnarfjörður sem greiða Reykvíkingum laun.  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Launamiðar ársins 2012, til Reykvíkinga frá fyrirtækjum með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega 90 þúsund. Um 85% fyrirtækjanna voru í Reykjavík, tæplega 7% þeirra voru í Kópavogi, sem gefur til kynna að reykvískum launþegum sem sækja vinnu til Kópavogs hafi fjölgæð frá 2005. Rösklega 3% launamiðanna voru gefnir út í Garðabæ.

Gögn um launamiða gefa sterklega til kynna að í auknum mæli vinni fólk í heimabyggð og á þetta einkum við um Kópavog, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ eins og fram kemur á myndum 7 og 8.




Mynd 7. Hlutfall launþega í einstökum sveitarfélögum sem vinna í Reykjavík.

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Mynd 8. Hlutfall launþega í einstökum sveitarfélögum sem vinna í eigin sveitarfélagi.

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Kópavogur er næststærsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu og launagreiðendum með lögheimili í bænum fjölda verulega fram að hruni haustið 2008 og samdráttur var þar minni og uppbygging hraðari en í Reykjavík. Þetta útskýrir að hluta lækkandi hlutfall Reykjavíkur í útgefnum launamiðum til íbúa höfuðborgarsvæðisins. Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu í kringum Smáralind sem leitt hefur til fjölgunar fyrirtækja á því svæði. Þróunin í Hafnarfirði er jafnari en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 9. Fjöldi launamiða frá fyrirtækjum í Kópavogi og Hafnarfirði til launamanna á höfuðborgarsvæðinu.

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Mynd 10. Fjöldi launamiða frá fyrirtækjum í Hafnarfirði og Kópavogi til launþega á höfuðborgarsvæðinu.

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Á árinu 2012 fóru um 55% af launamiðum ríkisins til launamanna með lögheimili í Reykjavík, um 13% til íbúa Kópavogs, um 9% til íbúa Hafnarfjarðar og um 11% til annarra launþega á höfuðborgarsvæðinu. Um 4% launamiðanna fóru til íbúa á Suðurnesjum, 5% til íbúa á Suðurlandi og 3% til íbúa með lögheimili á Vesturlandi.



Mynd 11 Búseta ríkisstarfsmanna á svæðinu Hvítá Hvítá

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.


### 3.3 Nærsvitarfélögin

Afmörkun höfuðborgarsvæðisins hefur verið byggð á því að landamæri þess marki sameiginlegt félags- og atvinnusvæði. En þessi afmörkun er háð samgöngum hvers tíma og sannarlega hafa orðið miklar breytingar á samgöngum<sup>4</sup> á suðvesturhorni landsins á undanförnum árum og áhrifa þeirra hlýtur að gæta til stækkunar atvinnusvæðis. Spurningin sem hér er glímt við er: Í hvaða mæli býr fólk í nærsvitarfélögnum og stundar vinnu á höfuðborgarsvæðinu og hver hefur þróunin verið á undanförnum árum?

Árið 2005 voru gefnir út tæplega 37 þúsund launamiðar alls til íbúa í nærsvitarfélögnum, þeim fjölgaði um 4% fram til 2007 en á árinu 2012 hafði þeim fækkað um 6% frá 2007. Höfuðborgarsvæðið vegur þungt í atvinnulífi nágrannasveitarfélaganna. Fram til ársins 2007 bendir athugun á launamiðum til að vægi höfuðborgarsvæðisins í atvinnulífi Suðurlands, Suðurnesja og Vesturlands en eftir hrun lækkar það, eins og mynd 12 sýnir.

<sup>4</sup> Hér skipta mestu tilkoma Hvalfjarðarganga og tvöföldun Reykjanesbrautar.

Árið 2007 voru jafnmargir á þessum svæðum sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins og unnu í sinni heimabyggð.




Mynd 12. Hlutfallsleg skipting launþega í nærsveitarfélögum eftir lögheimili launagreiðenda.  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Mynd 13. Hlutfallsleg skipting launþega á Suðurnesjum eftir lögheimili launagreiðenda.  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Vægi höfuðborgarsvæðisins í vinnumarkaði Suðurnesja var um 44% árið 2005 og fór vaxandi eins og mynd 13 sýnir og höfuðborgarsvæðið varð meginatvinnusvæði Suðurnesjamanna, en eftir hrún lækkaði það niður í tæplega 40%. Á árinu 2012 má gera ráð fyrir að um 56% af íbúum Suðurnesja hafi sótt vinnu í sinni heimabyggð eins og mynd 13 sýnir. Þar vegur Reykjanesbær þyngst, en launamiðar fyrirtækja með lögheimili í Reykjanesbæ voru um 60% af launamiðum til íbúa svæðisins árið 2005 og um 57% 2012. Um fimmtungur af launamiðum til íbúa Suðurnesja koma frá fyrirtækjum í Grindavík og þeim fjölgar um tæp 6% frá 2005-2012.

Á árinu 2007 skiptist atvinnusvæði íbúa Suðurlands, miðað við launamiða-fjölda, nær jafnt milli fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækja á Suðurlandi, hvort svæði með um 46% af launamiðum svæðisins, sjá mynd 14. Eftir hrún lækkaði hlutur höfuðborgarsvæðisins í launamiðum til íbúa á Suðurlandi eins og víða annars staðar. Selfoss er miðstöð atvinnulífsins á Suðurlandi, en vægi fyrirtækja með lögheimili á Selfossi í útgefnum launa-miðum til íbúa Suðurlands var að meðaltali um 68% á tímabilinu 2005-2012.



*Mynd 14. Hlutfallsleg skipting launþega á Suðurlandi eftir lögheimili launagreiðenda.*  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

*Mynd 15. Hlutfallsleg skipting launþega á Vesturlandi eftir lögheimili launagreiðenda.*  
Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Atvinnusvæði Akurnesinga og Borgnesinga skiptist nokkuð jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands. Hér er þróunin svipuð og á öðrum svæðum og vægi höfuðborgarsvæðisins minnkar eftir hrún og fleiri stunda vinnu í heimabyggð. Akurnesingum sem sækja vinnu á Akranesi hefur þannig fjölgað meira en þeim sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Það sést á því að launamiðum frá fyrirtækjum á Akranesi til íbúa í sveitarfélagini fjölgaði um 8% á tímabilinu 2008 til 2012, meðan launamiðum frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 11% og frá Borgarnesi til íbúa Akraness um 18%. Svipuð þróun varð í Borgarnesi, en um 50% Borgnesinga sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins á árinu 2005, en á næstu árum lækkaði hlutfallið hratt og var komið niður í 35% á árinu 2012. Eftir hrún virðast Borgnesingar sækja vinnu til Akraness í auknum mæli, sem sést á því að launamiðar frá fyrirtækjum á Akranesi til íbúa í Borgarnesi fjölgaði um 23% frá 2008 til 2012. Jafnframt eru vísbendingar um að Borgnesingar vinni í vaxandi mæli í sínu sveitarfélagi og launamiðum fyrirtækja í Borgarnesi til íbúa í sama sveitarfélagi fjölgaði um 17% á þessum árum.



Tafla 1. Hlutfall útgefinna launamiða til íbúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eftir lögheimili launagreiðenda og launamanns.

Lögheimili launamanns	Lögheimili launagreiðenda											
	Ár	Reykjavík	Opinberar stofnanir og ft.	Seltjarnarnes	Kópavogur	Hafnarfjörður	Garðabær	Mosfellsbær	Kjós	HBS	Hvítá Hvítá	Landið allt
Reykjavík	2005	61,9%	14,4%	0,6%	5,4%	3,1%	4,6%	1,2%	0,0%	91,2%	94,6%	100%
	2008	64,0%	14,9%	0,6%	6,3%	2,6%	4,2%	1,1%	0,0%	93,7%	96,6%	100%
	2012	65,9%	14,7%	0,5%	6,6%	2,6%	3,1%	1,3%	0,0%	94,7%	97,0%	100%
Kópavogur	2005	50,5%	12,9%	0,4%	17,5%	4,0%	4,9%	0,9%	0,0%	90,9%	94,5%	100%
	2008	50,7%	13,1%	0,4%	20,9%	3,6%	4,3%	0,7%	0,0%	93,9%	96,7%	100%
	2012	47,6%	12,4%	0,3%	25,7%	3,8%	4,2%	0,9%	0,0%	94,7%	97,1%	100%
Seltjarnarn.	2005	53,1%	18,1%	14,2%	5,0%	2,2%	2,5%	0,5%	0,0%	95,6%	97,3%	100%
	2008	54,1%	18,1%	15,8%	4,4%	1,7%	2,8%	0,6%	0,0%	97,4%	98,8%	100%
	2012	52,7%	16,2%	19,4%	4,9%	1,7%	1,9%	0,6%	0,0%	97,4%	98,5%	100%
Garðabær	2005	47,6%	14,4%	0,3%	7,4%	7,0%	16,3%	0,6%	0,0%	93,7%	96,6%	100%
	2008	47,5%	14,3%	0,2%	8,3%	5,9%	18,8%	0,5%	0,0%	95,6%	97,7%	100%
	2012	43,6%	13,5%	0,2%	8,1%	7,0%	22,6%	0,6%	0,0%	95,7%	97,9%	100%
Hafnarfjörður	2005	40,3%	10,7%	0,2%	5,9%	25,4%	6,8%	0,9%	0,0%	90,3%	94,6%	100%
	2008	40,8%	11,5%	0,2%	7,7%	25,6%	6,7%	0,7%	0,0%	93,3%	97,0%	100%
	2012	37,7%	10,8%	0,1%	7,0%	30,9%	6,4%	0,9%	0,0%	94,0%	97,0%	100%
Mosfellsbær	2005	49,1%	11,9%	0,3%	5,3%	2,7%	4,3%	19,0%	0,1%	92,7%	95,6%	100%
	2008	49,3%	11,3%	0,3%	6,0%	2,1%	3,6%	21,9%	0,1%	94,5%	97,3%	100%
	2012	46,9%	9,8%	0,2%	6,2%	2,2%	2,2%	27,9%	0,2%	95,4%	97,4%	100%
Kjós	2005	46,5%	12,4%	0,6%	5,3%	2,9%	4,1%	7,1%	10,6%	89,4%	95,9%	100%
	2008	35,3%	14,4%	0,0%	6,4%	4,8%	5,9%	10,7%	18,2%	95,7%	98,9%	100%
	2012	37,1%	12,9%	0,0%	3,5%	2,9%	1,2%	16,5%	21,2%	95,3%	98,8%	100%
HBS	2005	55,7%	13,7%	0,8%	7,5%	6,3%	5,6%	1,8%	0,0%	91,4%	94,8%	100%
	2008	57,0%	14,1%	0,8%	8,8%	5,9%	5,4%	1,9%	0,0%	93,9%	96,8%	100%
	2012	56,6%	13,6%	0,8%	9,6%	6,8%	5,0%	2,3%	0,0%	94,8%	97,1%	100%

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

*Tafla 2. Hlutfall útgefinna launamiða til íbúa nærsvitarfélaga höfuðborgarsvæðisins eftir lögheimili launagreiðenda og launamanns.*

Lögheimili launamanns	Lögheimili launagreiðenda							
	Ár	Suðurnes	Suðurland	Vesturland	HBS	Pnr. 150, ríkið	Hvítá Hvítá	Landið allt
Suðurnes	2005	47,4%	0,4%	0,3%	39,8%	5,8%	93,7%	100%
	2008	45,6%	0,4%	0,4%	41,2%	8,9%	96,6%	100%
	2012	56,1%	0,2%	0,3%	33,5%	6,8%	96,8%	100%
Suðurland	2005	1,3%	46,6%	0,6%	34,7%	9,2%	92,3%	100%
	2008	1,2%	47,1%	0,3%	33,7%	11,7%	94,0%	100%
	2012	1,3%	53,3%	0,4%	29,2%	10,4%	94,6%	100%
Vesturland	2005	2,6%	0,7%	48,0%	32,2%	8,7%	92,2%	100%
	2008	2,0%	0,6%	49,1%	33,3%	11,1%	96,1%	100%
	2012	1,9%	0,5%	57,4%	26,6%	9,6%	95,9%	100%
Samtals	2005	21,3%	15,4%	12,3%	36,2%	7,6%	92,9%	100%
	2008	20,5%	15,4%	12,5%	36,8%	10,4%	95,7%	100%
	2012	24,8%	17,6%	14,4%	30,4%	8,7%	95,9%	100%

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Tafla 3. Hlutfall útgefinna launamiða á Suðurnesjum eftir lögheimili launagreiðenda og launamanns.

Lögheimili launamanns	Ár	Lögheimili launagreiðenda									
		HBS	Reykjaneshær	Vogum	Grindavík	Sandgerði	Garður	Reykjavík	Pnr. 150, ríkið	Önnur sveitarfölg á HBS	HBS
HBS	2005	1,1%	0,1%	0,4%	0,1%	0,1%	55,7%	13,7%	22,0%	91,4%	100%
	2008	0,9%	0,1%	0,4%	0,0%	0,1%	57,0%	14,1%	22,8%	93,9%	100%
	2012	0,8%	0,1%	0,4%	0,0%	0,1%	56,6%	13,6%	24,6%	94,8%	100%
Reykjaneshær	1995	37,8%	0,2%	2,0%	1,7%	2,7%	48,9%	6,7%	10,3%	65,9%	100%
	2008	33,9%	0,3%	2,2%	1,8%	2,5%	55,2%	10,3%	11,3%	76,9%	100%
	2012	43,5%	0,3%	2,9%	2,4%	3,1%	44,6%	7,7%	8,4%	60,7%	100%
Vogum	2005	9,9%	19,8%	4,6%	0,3%	0,3%	34,1%	5,0%	21,1%	60,2%	100%
	2008	6,2%	25,6%	5,3%	0,3%	0,3%	34,6%	6,0%	18,2%	58,8%	100%
	2012	6,1%	29,9%	7,5%	0,5%	0,6%	26,1%	6,3%	18,0%	50,4%	100%
Grindavík	2005	9,9%	0,1%	49,6%	0,7%	0,2%	18,4%	3,7%	6,5%	28,6%	100%
	2008	6,7%	0,1%	53,9%	0,8%	0,4%	17,6%	7,5%	7,4%	32,5%	100%
	2012	7,7%	0,1%	60,6%	0,8%	0,4%	12,2%	6,4%	6,3%	24,9%	100%
Sandgerði	2005	13,9%	0,2%	2,8%	25,5%	4,4%	28,5%	4,6%	13,8%	46,8%	100%
	2008	13,3%	0,4%	1,4%	30,3%	4,0%	28,1%	4,9%	13,2%	46,2%	100%
	2012	18,1%	0,0%	1,7%	30,6%	7,9%	22,8%	3,0%	13,0%	38,8%	100%
Garði	2005	16,6%	0,4%	1,9%	4,0%	33,6%	26,3%	4,1%	7,6%	37,9%	100%
	2008	14,7%	0,3%	1,7%	2,6%	37,2%	25,8%	6,5%	8,0%	40,4%	100%
	2012	17,4%	0,7%	2,2%	2,1%	45,6%	19,4%	4,4%	5,7%	29,5%	100%

Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Tafla 4. Hlutfall útgefinna launamiða til launafólks á Suðurlandi.

Lögheimili launamanns	Lögheimili launagreiðenda											
	Ár	Selfossi	Hveragerði	Þorláks-höfn	Ölfus	Eyrarbakka	Stokks-eyri	Reykjavík	Pnr. 150, ríkið	Önnur sv.fél. á HBS	HBS	Landið allt
<b>HBS</b>	2005	0,7%	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	55,7%	13,7%	22,0%	91,4%	100%
	2008	0,5%	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	57,0%	14,1%	22,8%	93,9%	100%
	2012	0,3%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	56,6%	13,6%	24,6%	94,8%	100%
	1995	43,6%	1,2%	0,9%	0,4%	0,1%	0,4%	26,7%	10,3%	6,8%	43,8%	100%
	2008	42,5%	1,3%	0,7%	0,2%	0,1%	0,4%	26,3%	13,3%	7,5%	47,1%	100%
	2012	48,0%	1,4%	0,6%	0,4%	0,2%	0,5%	23,2%	11,4%	7,1%	41,7%	100%
<b>Selfossi</b>	2005	9,1%	33,2%	0,4%	1,2%	0,0%	0,1%	29,2%	7,9%	10,6%	47,7%	100%
	2008	9,7%	35,8%	0,4%	1,7%	0,1%	0,1%	29,2%	8,8%	9,7%	47,6%	100%
	2012	8,2%	44,6%	0,9%	1,4%	0,1%	0,1%	23,2%	8,0%	8,3%	39,4%	100%
	2005	4,1%	1,4%	41,0%	1,3%	0,2%	0,2%	29,6%	4,1%	6,8%	40,5%	100%
	2008	6,4%	1,6%	45,6%	1,9%	0,2%	0,5%	21,1%	5,6%	6,5%	33,3%	100%
	2012	4,3%	0,9%	57,9%	0,9%	0,4%	0,1%	17,3%	4,1%	5,4%	26,9%	100%
<b>Þorláks-höfn</b>	2005	17,9%	13,6%	4,9%	10,2%	0,3%	0,3%	26,2%	10,8%	9,0%	46,0%	100%
	2008	12,3%	15,9%	6,1%	16,2%	0,6%	0,3%	23,5%	14,0%	7,0%	44,4%	100%
	2012	12,2%	15,4%	8,4%	19,4%	0,0%	0,0%	20,9%	11,6%	7,2%	39,7%	100%
	2005	29,1%	1,0%	3,3%	0,5%	9,1%	1,2%	26,5%	12,9%	5,5%	44,9%	100%
	2008	33,3%	0,9%	2,1%	0,5%	6,4%	1,4%	25,5%	14,2%	7,5%	47,2%	100%
	2012	30,9%	1,6%	3,7%	0,3%	10,5%	1,0%	19,6%	19,6%	5,5%	44,8%	100%
<b>Ölfus</b>	2005	30,2%	1,2%	4,4%	0,7%	0,2%	15,9%	24,6%	6,8%	5,4%	36,8%	100%
	2008	32,6%	0,0%	2,4%	0,3%	0,0%	16,3%	19,8%	10,4%	8,6%	38,8%	100%
	2012	31,8%	0,6%	4,8%	0,6%	0,6%	17,8%	16,9%	12,1%	7,3%	36,3%	100%
	2005	30,2%	1,2%	4,4%	0,7%	0,2%	15,9%	24,6%	6,8%	5,4%	36,8%	100%
	2008	32,6%	0,0%	2,4%	0,3%	0,0%	16,3%	19,8%	10,4%	8,6%	38,8%	100%
	2012	31,8%	0,6%	4,8%	0,6%	0,6%	17,8%	16,9%	12,1%	7,3%	36,3%	100%


Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Tafla 5. Hlutfall útgefinna launamiða til launafólks á Vesturlandi.

Lögheimili launamanns	Lögheimili launagreiðenda							
	Ár	Akranes	Borgarnes	Reykjavík	Pnr. 150, ríkið	Önnur sv.fél. á HBS	HBS	Landið allt
<b>HBS</b>	2005	0,4%	0,3%	55,7%	13,7%	22,0%	91,4%	100%
	2008	0,4%	0,2%	57,0%	14,1%	22,8%	93,9%	100%
	2012	0,3%	0,2%	56,6%	13,6%	24,6%	94,8%	100%
	1995	48,0%	3,0%	25,2%	7,8%	7,3%	40,4%	100%
	2008	49,3%	1,9%	25,6%	11,8%	6,9%	44,3%	100%
	2012	55,5%	1,8%	21,7%	10,3%	6,1%	38,0%	100%
<b>Akranes</b>	2005	2,7%	39,0%	25,3%	10,5%	6,3%	42,0%	100%
	2008	4,1%	40,8%	28,8%	9,7%	6,0%	44,5%	100%
	2012	5,5%	52,2%	19,2%	8,2%	5,0%	32,4%	100%
	2005	2,7%	39,0%	25,3%	10,5%	6,3%	42,0%	100%
	2008	4,1%	40,8%	28,8%	9,7%	6,0%	44,5%	100%
	2012	5,5%	52,2%	19,2%	8,2%	5,0%	32,4%	100%
<b>Borgarnes</b>	2005	2,7%	39,0%	25,3%	10,5%	6,3%	42,0%	100%
	2008	4,1%	40,8%	28,8%	9,7%	6,0%	44,5%	100%
	2012	5,5%	52,2%	19,2%	8,2%	5,0%	32,4%	100%


Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

## Viðauki 2. Hvar vinna hverjir?<sup>5</sup>




Mynd 16. Hvar unnu íbúar á Hvítá-Hvítá svæðinu 2012?

Mynd 17. Hvar unnu íbúar á höfuðborgarsvæðinu 2012?



Mynd 18. Hvar unnu Reykvíkingar 2005?


Mynd 19. Hvar unnu Reykvíkingar 2012?



Mynd 20. Hvar unnu Kópavogsbúar 2005?


Mynd 21. Hvar unnu Kópavogsbúar 2012?

<sup>5</sup> Gefum okkur að lögheimili launamanns og vinnustaður sé á sama stað. Ráðherrar þá væntanlega ekki með í þessum útreikningum. Eiginlega skil ég samt ekki þessa setningu.




Mynd 22. Hvar unnu Hafnfirðingar 2005?

Mynd 23. Hvar unnu Hafnfirðingar 2012?




Mynd 24. Hvar unnu Garðbæingar 2005?

Mynd 25. Hvar unnu Garðbæingar 2012?



Mynd 26. Hvar unnu Seltirningar 2005?

Mynd 27. Hvar unnu Seltirningar 2012?



Mynd 28. Hvar unnu Mosfellingar 2005?

Mynd 29. Hvar unnu Mosfellingar 2012?



Aflvaki hf. stóð fyrir þremur athugunum á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hinni fyrstu árið 1994<sup>6</sup>, þá árið 1999<sup>7</sup> og þeirri síðustu árið 2002<sup>8</sup>. Grunngögn athugananna voru skattagögn sem embætti ríkisskattstjóra vann úr. Í skilagögnum launagreiðenda kom fram lögheimili launamanns og launagreiðenda sem mynduðu grundvöll athugunarinnar. Athuganir Aflvaka tóku aðeins til höfuðborgarsvæðisins og eingöngu var litið til launagreiðenda og launamanna á svæðinu.

### Hvar unnu hverjir 1991 og 1998?

Athugun Aflvaka frá 1999 var byggð á innsendum staðgreiðslugögnum fyrir launagreiðslur í október 1998. Til samanburðar við tölur 1998 voru sýndar tölur fyrir árið 1991, sem Byggðastofnun hafði unnið áður fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sá galli er á þessari aðferð að lögheimili launagreiðenda er ekki alltaf starfsstöð launamannsins. Þetta á við stórfyrirtæki með starfsstöðvar víða. Stærsti launagreiðandinn er auðvitað ríkið sem sendir alla sína launmiða frá Launaskrifstofu ríkisins úr póstnúmeri 150 í Reykjavík. Af þessum sökum var Launaskrifstofa ríkisins fært sem sérstakt svæði í þessari Aflvaka könnun.

Helstu niðurstöður könnunar Aflvaka um árið 1998 voru:

#### **Reykjavík**

- 80% Reykvíkinga unnu í Reykjavík, 7% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, 1% utan höfuðborgarsvæðisins og 12% hjá ríkinu.
- 71% þeirra sem unnu í Reykjavík voru Reykvíkingar, 12% bjuggu í Kópavogi, 7% í Hafnarfirði, 4% í Garðabæ og loks bjuggu 6% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Kópavogur**

- 66% Kópavogsþúa unnu í Reykjavík, 16% í Kópavogi og 6% utan svæðisins. Launaskrifstofa 11%.
- 50% þeirra sem unnu í Kópavogi bjuggu þar, 36% í Reykjavík, 6% í Hafnarfirði og 4% í Garðabæ.

#### **Seltjarnarnes**

<sup>6</sup> Ekki hefur tekist að finna þá skýrslu.

<sup>7</sup> Aflvaki (1999). Hvar vinna hverjir? Samantekt á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Aflvaki hf.  
<sup>8</sup> Aflvaki (1999). Hvar vinna hverjir? Samantekt á flæði vinnuafsls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Aflvaki hf.

- 70% Seltirninga unnu í Reykjavík, 12% á Seltjarnarnesi og 14% fengu laun frá Launaskrifstofu (ríkinu).
- 30% þeirra sem unnu á Seltjarnarnesi bjuggu þar, 52% í Reykjavík, 7% í Kópavogi og 5% í Hafnarfirði.

#### ***Garðabær***

- 63% Garðbæinga unnu í Reykjavík, 13% í Garðabæ og 12% fengu laun frá Launaskrifstofu (ríkinu).
- 36% þeirra sem unnu í Garðabæ bjuggu þar, 34% í Reykjavík, 12% í Kópavogi og 15% í Hafnarfirði.

#### ***Hafnarfjörður***

- 52% Hafnfirðinga unnu í Reykjavík, 32% í Hafnarfirði og 8% fengu laun frá Launaskrifstofu (ríkinu).



#### ***Mosfellsbær***

- 59% Mosfellinga unnu í Reykjavík, 25% í Mosfellsbæ og 10% fengu laun frá Launaskrifstofu (ríkinu).
- 61% þeirra sem unnu í Mosfellsbæ bjuggu þar og 28% í Reykjavík

Samanburður milli 1991 og 1998 gaf til kynna að hlutur Reykjavíkur færí stækandi í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins. Árið 1991 unnu 62% höfuðborgarbúa í Reykjavík, en 71% árið 1998. Hlutfallslega fækkaði þeim íbúum annarra sveitarfélaga á svæðinu sem stunduðu vinnu í eigin sveitarfélagi.

#### ***Hvar unnu hverjir 2000?***

Síðasta athugun Aflvaka var með nokkrum öðrum hætti en sú sem gerð var grein fyrir hér að ofan. Grunngögn voru launamiðar sem tóku til almanaksáranna og jafnframt var ráðist í að leiðréttu fyrir Launaskrifstofu, þannig að ekki var ástæða til að sérgreina þá launþega.

#### ***Reykjavík***

- 90% Reykvíkinga unnu í Reykjavík, 8% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, 1% utan höfuðborgarsvæðisins.
- Sáralítil breyting var á búsetu þeirra sem unnu í borginni:

- 71% þeirra sem unnu í Reykjavík voru Reykvíkingar, 12% bjuggu í Kópavogi, 7% í Hafnarfirði, 4% í Garðabæ og loks bjuggu 6% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Kópavogur**

- 70% Kópavogsþúa unnu í Reykjavík, 22% í Kópavogi og 4% í Hafnarfirði.
- 43% þeirra sem unnu í Kópavogi bjuggu þar, 40% í Reykjavík, 7½% í Hafnarfirði og 4% í Garðabæ.

#### **Seltjarnarnes**

- 77% Seltirninga unnu í Reykjavík, 16% á Seltjarnarnesi og 2,8% í Kópavogi.
- 31% þeirra sem unnu á Seltjarnarnesi bjuggu þar, 51% í Reykjavík, 6% í Kópavogi og 4½% í Hafnarfirði.

#### **Garðabær**

- 65% Garðbæinga unnu í Reykjavík, 20% í Garðabæ, 7½% í Hafnarfirði og 6% í Kópavogi
- 36% þeirra sem unnu í Garðabæ bjuggu þar, 33% í Reykjavík, 12% í Kópavogi og 15% í Hafnarfirði.


#### **Hafnarfjörður**

- 44% Hafnfirðinga unnu í Reykjavík, 44% í Hafnarfirði, 4½% í Kópavogi og 3½% í Garðabæ.

#### **Mosfellsbær**


- 62% Mosfellinga unnu í Reykjavík, 28% í Mosfellsbæ og 5% í Kópavogi.
- 56% þeirra sem unnu í Mosfellsbæ bjuggu þar og 34% í Reykjavík, 5% í Kópavogi.

## Viðauki 4. Samanburður við helstu niðurstöður athugana Aflvaka hf.



Mynd 30. Búseta þeirra sem unnu í Reykjavík 2000, 2005 og 2012.


Mynd 31. Búseta þeirra sem unnu í Kópavogi 2000, 2005 og 2012



Mynd 32. Búseta þeirra sem unnu í Hafnarfirði 2000, 2005 og 2012

Mynd 33. Búseta þeirra sem unnu í Garðab 2000, 2005 og 2012.

<sup>9</sup> Hér eins og í könnun Aflvaka hf. er verið að skoða flæði vinnuafls milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.



*Mynd 34. Búseta þeirra sem unnu í Mosfellsbæ 2000, 2005 og 2012.*

*Mynd 35. Búseta þeirra sem unnu á Seltjarnarnesi 2000, 2005 og 2012.*